



Keiluskurður í svæfingu

Útskriftarfræðsla

Verkir og verkjalyf:

Flestir finna fyrir litlum sem engum verkjum eftir aðgerðina. Mælt er með parasetamóli og íbúprófeni til verkjastillingar fyrir þá sem þola það ef þarf. Hámarksskammtar af parasetamóli eru 1 g fjórum sinnum á sólarhring og íbúprófen 400 mg fjórum sinnum á sólarhring.

Blæðingar:

Það er eðlilegt að það blæði frá leggöngum í 1-3 vikur eftir aðgerðina. Blæðingin á að vera minni en venjuleg tíðablæðing. Eftir 8 til 12 daga getur blæðingin aukist tímabundið og verið ferskari. Það getur einnig verið illa lyktandi útferð á sama tíma. Aðgerðin breytir ekki tíðahringnum þannig að tíðablæðing hefst á réttum tíma. Erfið líkamsrækt getur aukið blæðingu innan tveggja vikna frá aðgerð. Vegna blæðingarhættu er ekki ráðlagt að ferðast erlendis fyrstu 3 vikurnar en óhætt er að fljúga innanlands daginn eftir aðgerð.

Almennar ráðleggingar:

Hafðu hægt um þig aðgerðardaginn og ekki aka bíl heim vegna áhrifa svæfingarlyfja. Flestar konur geta mætt í vinnu/skóla daginn eftir aðgerð. Ef unnin er líkamlega þung vinna er mælt með að vera heima í 2 til 7 daga. Ráðlagt er að hafa aðstandenda hjá sér fyrst eftir aðgerð til öryggis. Ekki er þörf á endurkomu eftir aðgerð. Aðgerðin hefur ekki áhrif á barneignir. Ekki er þó mælt með þungun fyrstu 3 mánuðina eftir aðgerð.

Til að sárið grói sem best og sýkingarhætta minnki ættir þú EKKI næstu 4 -5 vikur að :

- hafa samfarir
- nota tíðatappa/álfabikar
- fara í baðkar eða sund/heita potta

Hafa skal samband við móttöku kvenlækningadeildar ef eftirfarandi einkenni koma fram:

- Það blæðir ríkulega svo að stórt bindi fyllist (næturbindi eða sambærileg) á innan við 30 mínútum í meira en tvær klukkustundir.
- Illa lyktandi útferð í meira en 10 daga.
- Miklir verkir eru í kvið sem verkjalyf slá ekki á.
- Líkamshiti er yfir 38°C.

Símanúmer

Móttaka kvenlækningadeildar 21A er opin virka daga frá kl. 8-16, sími 543-3224. Ef eitthvað kemur upp á sem ekki getur beðið til næsta dags má hafa samband við skiptiborð Landspítala í síma 543-1000 og biðja um samband við legudeild kvenlækningadeildar 21A.

Ef um brátt ástand er að ræða skal hafa samband við 112.

Starfsfólk kvenlækningadeildar

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem simum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyrið um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI
KVENLÆKNINGAEILD 21A
MARS 2019
LSH-1959

ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNIR KVENLÆKNINGA,
DEILDARSTJÓRI 21A

HÖNNUN:

SAMSKIPTAEILD